



Bæjarstjórn Blönduóbæjar

44. FUNDUR – 10. desember 2009

Bæjarstjórn Blönduóbæjar kom saman til 44. fundar fimmtudaginn 10. desember 2009 kl. 10:00 að Hótel Blönduósi. Forseti bæjarstjórnar, Valgarður Hilmarsson setti fundinn og stjórnaði honum. Fundarritari var Þórir Sveinsson. Undirritaðir sátu fundinn.

Í upphafi fundar minntist forseti Ragnars Inga Tómassonar sem lést í nóvember sl. en Ragnar Ingi ritaði fundargerð bæjarstjórnar um árabíl. Fundarmenn vottuðu hinum látna virðingu sína með því að rísa úr sætum.

Fjarverandi bæjarfulltrúi var Héðinn Sigurðsson.

Dagskrá:

1. *Frumvarp að fjárhagsáætlun 2010 – fyrri umræða.*
2. *Fundargerðir:*
 - a) *Bæjarráð frá 30. nóvember 2009*
 - b) *Bæjarráð frá 7. desember 2009*
 - c) *Skipulags-, byggingar- og veitunefnd frá 26. nóvember 2009*
 - d) *Fræðslunefnd frá 25. nóvember 2009*
 - e) *Brunavarnir frá 23. nóvember 2009*
 - f) *Brunavarnir frá 26. nóvember 2009*
 - g) *Brunavarnir frá 7. desember 2009.*
3. *Breyting á nefndaskipan.*
4. *Önnur mál.*

Afgreiðslur:

1. *Frumvarp að fjárhagsáætlun 2010 – fyrri umræða*

Lagt fram frumvarp að fjárhagsáætlun 2010 til fyrri umræðu, rekstrar- og fjárfestingayfirlit, sjóðsstreymi, álagningarstuðla skattar og þjónustugjaldskrár. Forseti vísaði frumvarpi að fjárhagsáætlun Blönduóbæjar til síðari umræðu sem verður 21. desember 2009. Tillagan samþykkt 6:0.
2. *Fundargerðir:*
 - a. *Bæjarráðs frá 30. nóvember, 81. fundur.*

Fundargerðin kynnt og tekin til umræðu.
Valdimar Guðmannsson lagði fram tillögu undir 5. tölul. dagskrár:
„Bæjarstjórn Blönduóss samþykkir að fela bæjarráði í samstarfi við landbúnaðarnefnd og bæjarstjóra að kanna möguleika á að markaðsetja sportveiði á ref í hluta af afréttarlandi Blönduóss á næsta ári. Niðurstaða þessarar vinnu verði lögð fyrir bæjarstjórn í febrúarlok.“
5. tölul. Tillagan samþykkt 6:0.
Fundargerðin samþykkt 6:0.
 - b. *Bæjarráðs frá 7. desember 2009, 82. fundur.*

Fundargerðin kynnt og tekin til umræðu.
Fundargerðin samþykkt 6:0.
 - c. *Skipulags-, byggingar- og veitunefndar frá 26. nóvember 2009.*

Mættur til fundar við bæjarstjórn Stefán Árnason, byggingarfulltrúi undir 3. tölul. fundargerðarinnar.
3.tölul. Zophonías Ari Lárusson lét bóka að hann greiddi atkvæði á móti þessum tölulið þar sem að ekki sé búið að ganga frá umgengni og aðkomu að lóðinni Aðalgötu 9b.
Fundargerðin lögð fram til kynningar.



Fundargerðin að öðru leyti samþykkt í heild sinni 6:0.

d. Fræðslunefnd frá 25. nóvember 2009.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

e. Brunavarnir frá 23. nóvember 2009.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

f. Brunavarnir frá 26. nóvember 2009.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

g. Brunavarnir frá 7. desember 2009.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

3. Breyting á nefndaskipan.

Forseti lagði fram beiðni frá Héðni Sigurðssyni, bæjarfulltrúa að vegna fæðingarorlofs óski hann lausnar frá störfum í *Framkvæmdahópi um byggingu sundlaugar* og í stjórn *Bs. um Félags- og skólaþjónustu*. Við stjórnarsetu í Framkvæmdahópi um byggingu sundlaugar taki Valgarður Hilmarsson en í Bs. um Félags- og skólaþjónustu taki varamaður hans Zophonías Ari Lárusson. Varamaður Zophonías í Bs. Félags- og skólaþjónustu verði Kári Kárason.

Tillagan var samþykkt 6:0.

4. Önnur mál.

Forseti bar undir fundinn heimild til að leggja fram 3. tölul. fundargerðar skipulags-, byggingar- og veitunefndar frá 22. september 2009 þar sem málinu var festað á fundi bæjarstjórnar 13. október 2009 og fundargerð 83. fundar bæjarráðs frá 9. desember 2009. Tillagan var samþykkt 6:0.

a. Fundargerð skipulags-, byggingar- og veitunefndar frá 22. september 2009, 3.tölul.

Bæjarstjórn samþykkt 6:0 að vísa málinu frá vegna breyttra aðstæðna.

b. Fundargerð bæjarráðs frá 9. desember 2009, 83. fundur.

Fundargerðin kynnt og tekin til umræðu.

Fundargerðin samþykkt 6:0.

Fundargerðin lesin upp og samþykkt.

Fundi slitið kl. 12:50

Valgarður Hilmarsson, forseti

Þórir Sveinsson, ritari

Zophonías Ari Lárusson

Jón Aðalsteinn Sæbjörnsson

Ágúst Þ. Bragason



Valdimar Guðmannsson

Kári Kárason

Arnar Þór Sævarsson, bæjarstjóri.